

9. september 2016

Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2016

Quarterly national accounts, 2nd quarter 2016

Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi
var 3,7%

Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2016, án árstíðaleiðréttingar, jókst um 3,7% frá sama ársfjórðungi fyrra árs en árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst um 2,1% frá 1. ársfjórðungi 2016.

Landsframleiðslan á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 jókst um 4,1% að raungildi borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 9,4%. Einkaneysla jókst um 7,7%, samneysla um 0,6% og fjárfesting um 29,5%. Útflutningur jókst um 5,3% og innflutningur nokkru meira, eða um 16,2%.

Tafla 1. Yfirlit
Table 1. Overview


	Verðlag ársins, millj. kr. Current prices, million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrra ársfj., % ¹ Volume change from previous quarter, % ¹	
		1.-2. ársfj.		1. ársfj.	
		2. ársfj. 2 nd quarter	2. ársfj. 2 nd quarter	1. ársfj. 1 st quarter	2. ársfj. 2 nd quarter
Einkaneysla Private final consumption	304.168	8,2	7,7	2,0	2,2
Samneysla Government final consumption	140.393	1,1	0,6	-0,2	0,6
Fjármunamyndun Gross fixed capital formation	134.027	31,2	29,5	6,9	5,3
Birgðabreytingar ² Changes in inventories ²	-9.130	-1,0	
Þjóðarútgjöld alls Gross domestic final expenditure	569.458	9,7	9,4	3,2	2,0
Útflutningur vöru og þjónustu Exports of goods and services	300.675	4,9	5,3	0,5	3,9
Innflutningur vöru og þjónustu Imports of goods and services	-276.898	16,7	16,2	5,6	3,7
Verg landsframleiðsla GDP	593.236	3,7	4,1	0,8	2,1

¹ Árstíðaleiðrétt. Seasonally adjusted.

² Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.

Mynd 1. Landsframleiðsla, magnbreyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014–2016. Preliminary figures 2014–2016.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur og eru breytingarnar raunbreytingar.

Mynd 2. Ársfjórðungsleg magnbreyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014–2016. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2014–2016. Change from the previous quarter.

Mesti vöxtur einkaneyslu síðan 2008

Einkaneysla fyrstu sex mánuði ársins 2016 jókst um 7,7% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst einkaneysla um 8,2% . Þetta er mesti vöxtur einkaneyslu síðan á fyrsta ársfjórðungi 2008. Frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2016 jókst einkaneysla um 2,2%.

Hægur vöxtur samneyslu

Samneysla fyrstu sex mánuði ársins 2016 jókst um 0,6% borið saman við sama tímabil árið áður. Frá sama ársfjórðungi árið áður jókst samneysla um 1,1% en árstíðaleiðrétt aukning samneyslunnar nam 0,6% frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2016. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2016 verða birtar í Hagtíðindum 13. september 2016.

Mikil aukning fjárfestingar, hlutfall fjárfestingar ekki hærra síðan 2008

Fjárfesting fyrstu sex mánuði ársins 2016 jókst um 29,5% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Vöxtinn má að mestu rekja til atvinnuvegafjárfestingar sem jókst um 37,3%. Á sama tíma jókst íbúðafjárfesting um 17,3% og fjárfesting hins opinbera um 1,9%.

Miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst fjárfesting um 31,2%. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 37,3%, íbúðafjárfesting um 25,5% og fjárfesting hins opinbera um 6,3%.

Fjárfesting jókst um 5,3% á 2. ársfjórðungi 2016 borið saman við 1. ársfjórðung 2016. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 5,5%, íbúðafjárfesting um 6,4% og fjárfesting hins opinbera um 3,5%.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 35,5% og fjárfesting alls um 29,6% borið saman við sama ársfjórðung síðasta árs.

Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu hefur vaxið hratt á allra síðustu misserum og er það hlutfall nú komið í tæplega 23% en fjárfestingarhlutfallið hefur ekki verið hærra frá því á fjórða ársfjórðungi 2008.

Birgðir dragast saman

Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 2. ársfjórðungi 2016 hafa birgðir dregist saman um 9,1 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um samdrátt í birgðum sjávarafurða upp á 8,5 milljarða króna, en einnig var 2,2 milljarða króna samdráttur birgða í stóriðju. Á móti þeim samdrætti vega auknar birgðir í rekstrarvörum um 1,6 milljarða króna.

Þjóðarútgjöld aukast umfram landsframleiðslu

Þjóðarútgjöld fyrstu sex mánuði ársins 2016 jukust um 9,4% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jukust þjóðarútgjöld um 9,7% á 2. ársfjórðungi 2016 sem einkum má rekja til aukinnar fjárfestingar og einkaneyslu. Frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2016 jukust þjóðarútgjöld um 2,0%.


Innflutningur eykst umfram útflutning

Útflutningur fyrstu sex mánuði ársins 2016 jókst um 5,3% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Þar af jókst vöruútflutningur um 1,9% og þjónustu-útflutningur um 9,0%. Á sama tíma jókst innflutningur um 16,2%. Þar af jókst þjónustuinnflutningur um 12,9% og vöruinnflutningur um 18,0%.

Miðað við sama ársfjórðung fyrra árs jókst útflutningur um 4,9% og innflutningur um 16,7%. Landsframleiðslan jókst um 3,7% samanborið við 9,7% aukningu þjóðarútgjalda en minni vöxtur landsframleiðslunnar en þjóðarútgjaldanna skýrist af neikvæðum áhrifum utanríkisviðskipta á hagvöxtinn. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.

Minni afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 25,7 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 sem er mun lægri fjárhæð en á sama tímabili í fyrra (76 milljarðar króna á verðlagi þess árs).


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 2. ársfjórðungi 2016 var 23,8 milljarðar króna. Þar af var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 38,5 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 140,6 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 179,1 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 62,3 milljarða. Útflutningur á þjónustu nam 160,1 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 97,8 milljörðum króna.

Meiri hagvöxtur á Íslandi en í helstu viðskiptalöndum

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 2. ársfjórðungi mest á Íslandi (3,7%). Samanborið við Svíþjóð 3,1%, Bretland 2,2%, Þýskaland og Holland 1,7%, Frakkland 1,4%, Noreg 1,3%, Bandaríkin 1,2%, Japan og Finnland 0,6%. Danmörk rak lestina með 0,4% hagvöxt.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014–2016. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2014–2016. Change over same quarter, previous year. Iceland not seasonally adjusted.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Árstíðaleiðrétting endurskoðuð

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirlíðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Aðferðafræðilegar breytingar hafa nú verið gerðar við árstíðaleiðréttingu á vöruútflutningi. Í stað þess að árstíðaleiðrétta vöruútflutning beint, eins og hingað til hefur verið gert, hafa vörurnar verið greindar í fjóra megin undirflokkar og útflutningurinn árstíðaleiðréttur með óbeinum hætti. Með þessum hætti næst fram stöðugri árstíðasveifla en í áður birtum tölum.

Niðurstöður fyrir árin 2014–2016 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðrétta niðurstöðurnar.

Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á [vef Hagstofunnar](#). Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Tölur um hagvöxt endurskoðaðar aftur til 1997

Hagstofan endurskoðar nú tölur aftur til 1997. Að stærstum hluta er þetta endurskoðun á aðferðafræði við staðvirðingu húsnæðisliðar einkaneyslunnar. Árstíðaleiðréttar tölur eru því einnig endurskoðar aftur til 1997. Gerð er nánari grein fyrir þessum breytingum á bls. 8 í Hagtíðindum, *Landsframleiðsla 2015 – endurskoðun* sem út kemur samhliða þessari útgáfu.

Tölur um 3. ársfjórðung 2016
verða birtar í desember

Tölur um landsframleiðsluna á 3. ársfjórðungi 2016 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtiðindum 7. desember 2016.

English summary

In real terms, non-seasonally adjusted Gross Domestic Product (GDP) for the first two quarters of 2016 increased by 4.1% compared with the same period of 2015. Total domestic final expenditure increased by 9.4%. Household final consumption increased by 7.7%, government final consumption by 0.6% and gross fixed capital formation by 29.5%. At the same time balance of trade in goods and services worsened, exports grew by 5.3% and imports grew by 16.2%.

Non-seasonally adjusted figures indicate a year over year (YOY) increase in real GDP by 3.7% for the 2nd quarter of 2016. Total domestic expenditure increased by 9.7%. Household final consumption increased by 8.2%, government final consumption by 1.1% and gross fixed capital formation by 31.2%. At the same exports grew by 4.9% and imports grew by 16.7%

Seasonally adjusted GDP in the 2nd quarter of 2016 increased by 2.1% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 2.0%. Household final consumption increased by 2.2%, government final consumption by 0.6% and gross fixed capital formation by 5.3%. Exports increased by 3.9% and imports increased by 3.7% in the 2nd quarter of 2016 as compared with the 1st quarter of 2016.

Some revisions have been made affecting the national accounts results for

*Revisions of previous
year's results*

previous years, 1997–2015. New and better source data are now used in the deflation of actual and imputed rentals for housing in Household final consumption expenditure.

Further information about the changes can be read on page 10 in the National accounts publication on GDP 2015 – revision.

National accounts for the 3rd quarter of 2016 will be published on the 7th of December 2016.

Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2012–2016*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2012–2016*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, milljónir króna								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2012	949.676	436.303	284.506	1.800	1.672.286	1.013.269	-907.056	1.778.499
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	223.364	104.490	71.801	19.361	419.016	226.371	-212.384	433.003
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	240.096	110.065	76.665	-11.152	415.675	258.739	-244.386	430.028
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	228.499	107.238	66.103	-68	401.772	284.788	-225.922	460.638
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	257.716	114.510	69.938	-6.341	435.822	243.371	-224.364	454.830
2013	989.680	459.221	296.846	-4.953	1.740.795	1.047.908	-897.464	1.891.239
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	234.364	110.566	66.775	13.950	425.655	238.019	-208.044	455.630
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	247.141	116.144	77.392	-3.680	436.997	248.528	-227.360	458.165
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	238.619	112.643	69.861	-5.479	415.644	303.350	-231.578	487.416
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	269.556	119.869	82.818	-9.744	462.499	258.011	-230.481	490.029
2014¹	1.047.951	484.850	345.759	2.045	1.880.606	1.068.320	-942.907	2.006.019
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	244.468	115.666	80.387	287	440.808	221.535	-209.681	452.662
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	262.873	121.966	77.427	2.046	464.312	254.705	-236.229	482.788
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	252.553	120.038	98.821	-2.309	469.103	325.779	-257.323	537.559
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	288.056	127.180	89.125	2.022	506.383	266.301	-239.673	533.010
2015¹	1.100.867	522.620	419.951	3.489	2.046.927	1.188.745	-1.022.129	2.213.543
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	255.723	123.739	96.254	15.245	490.961	262.588	-235.772	517.776
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	276.888	128.568	101.285	-3.652	503.090	319.940	-270.767	552.263
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	263.254	129.318	104.221	-1.374	495.420	338.632	-256.483	577.568
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	305.002	140.994	118.191	-6.730	557.457	267.586	-259.107	565.936
2016¹
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	277.192	133.406	122.210	14.359	547.167	242.713	-240.799	549.080
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	304.168	140.393	134.027	-9.130	569.458	300.675	-276.898	593.236
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>
4. ársfj. <i>4th quarter</i>

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2012–2016

Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2012–2016

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, %								
<i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i>								
2012	2,0	-1,8	5,3	0,0	1,5	3,6	4,6	1,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,4	-2,8	31,4	0,5	5,6	5,6	10,5	3,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,5	-2,5	20,4	-1,5	2,2	6,5	13,1	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,8	-1,5	-0,0	0,8	1,2	3,3	3,7	1,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,3	-0,6	-19,3	0,2	-2,5	-0,6	-7,0	0,6
2013	1,0	1,0	2,2	-0,5	0,7	6,7	0,1	4,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	1,8	-12,2	-1,7	-3,1	3,7	-5,7	1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	1,8	2,3	1,8	3,3	2,8	-1,8	5,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	0,2	2,8	-1,1	0,2	8,5	1,5	4,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,3	17,3	-0,9	2,4	11,3	6,4	5,4
2014²	2,9	1,7	16,0	0,4	5,2	3,2	9,8	1,9
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,5	20,2	-3,0	1,8	3,6	11,0	-1,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,8	1,4	-1,8	1,3	3,4	5,0	6,9	2,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,7	2,3	41,4	0,7	9,2	6,3	14,1	4,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,8	1,7	8,1	2,4	6,7	-2,6	7,2	1,6
2015²	4,3	1,0	18,3	0,0	6,0	9,2	13,5	4,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,5	1,1	16,8	3,2	8,5	4,9	13,9	4,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,0	1,0	26,1	-1,1	5,8	16,4	15,2	7,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,6	0,4	2,3	0,0	2,5	4,8	5,2	2,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	5,8	1,4	30,7	-1,7	7,3	11,2	20,5	3,2
2016²
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,1	0,1	27,7	-0,1	9,0	5,8	15,5	4,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	8,2	1,1	31,2	-1,0	9,7	4,9	16,7	3,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>
4. ársfj. <i>4th quarter</i>

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2012–2016, árstíðaleiðrétt
 Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2012–2016*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>							
2012							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	-1,5	-7,1	-0,8	-1,9	-2,5	-0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,8	-0,1	-2,4	-0,8	1,1	1,3	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,2	0,8	-7,6	-0,4	4,4	-2,8	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	0,2	-3,9	-0,8	-5,1	-3,3	-2,0
2013							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,3	0,4	1,8	-0,5	5,1	-0,7	2,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,2	0,2	13,8	3,7	-1,0	5,2	0,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,3	-0,3	-8,1	-2,2	5,7	0,7	1,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,0	0,4	10,3	2,2	3,7	0,9	3,7
2014¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,9	1,0	2,9	0,1	-4,0	4,0	-4,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,1	0,3	-5,9	1,9	-0,9	1,2	0,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,6	33,2	5,3	7,2	7,4	5,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,2	-0,1	-16,6	-1,9	-3,1	-5,4	-0,8
2015¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,8	0,6	10,6	1,7	3,8	10,6	-1,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,3	-0,1	2,2	1,0	7,3	2,4	3,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,9	0,2	10,4	2,6	-2,8	-1,7	1,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,7	0,5	5,2	2,0	1,4	8,4	-1,3
2016¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	-0,2	6,9	3,2	0,5	5,6	0,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,2	0,6	5,3	2,0	3,9	3,7	2,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>
4. ársfj. <i>4th quarter</i>

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2012–2016

Table 5. Contribution to growth 2012–2016

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, %							
<i>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</i>							
2012							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	0,2	-1,2	0,8	1,1	-2,0	-0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,4	-0,0	-0,4	-0,7	0,6	-0,6	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,1	0,2	-1,3	0,8	2,6	1,4	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,5	0,1	-0,6	-0,6	-3,0	1,6	-2,0
2013							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,7	0,3	-0,8	1,9	-0,4	2,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,1	0,0	2,0	1,3	-0,5	-2,5	0,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	-0,1	-1,3	-1,2	3,3	-0,4	1,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,0	0,1	1,6	0,3	2,2	-0,5	3,7
2014¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,8	0,5	-0,8	-5,2	-0,4	-4,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,1	-1,0	2,0	-0,5	-0,6	0,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,2	0,1	5,4	-0,7	4,0	-3,8	5,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,6	-0,0	-3,4	1,0	-1,8	2,8	-0,8
2015¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,2	0,1	1,2	-0,7	-0,8	-0,8	-1,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	-0,0	0,4	-0,1	4,0	-1,2	3,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,4	0,0	1,9	-0,0	-1,6	0,9	1,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,4	0,1	1,0	-0,6	0,8	-4,1	-1,3
2016¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,5	-0,1	0,7	0,7	-2,7	1,7	0,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,2	0,1	1,2	-0,5	2,2	-2,1	2,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>
4. ársfj. <i>4th quarter</i>

Skýring Note: Míðað er við árstíðaleiðrétta tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2012–2016, árstíðaleiðrétt
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2012–2016*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
2012	2,0	-1,8	5,3	1,5	3,6	4,6	1,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,7	-2,7	28,2	5,1	5,0	10,6	2,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,1	-2,4	19,7	3,1	6,2	13,0	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,3	-1,6	1,8	0,9	5,2	3,7	2,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,9	-0,7	-19,5	-2,8	-1,7	-7,2	0,0
2013	1,0	1,0	2,2	0,7	6,7	0,1	4,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	1,3	-11,8	-2,5	5,3	-5,4	3,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,2	1,6	2,9	2,0	3,1	-1,7	4,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	0,5	2,3	0,1	4,5	1,8	1,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	0,7	17,5	3,2	14,1	6,2	7,8
2014¹	2,9	1,7	16,0	5,2	3,2	9,8	1,9
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,4	18,8	3,8	4,2	11,2	0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,4	1,4	-1,8	2,0	4,3	7,0	1,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,4	2,3	42,2	9,8	5,7	14,1	5,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,6	1,7	7,4	5,4	-1,3	6,9	0,7
2015¹	4,3	1,0	18,3	6,0	9,2	13,5	4,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,5	1,3	15,6	7,1	6,8	13,7	3,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	1,0	25,6	6,2	15,6	15,0	7,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,2	0,5	4,1	3,4	4,9	5,3	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	5,8	1,2	31,4	7,5	9,8	20,6	2,8
2016¹
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,0	0,4	27,0	9,1	6,4	15,1	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,9	1,0	30,8	10,2	3,0	16,6	3,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>
4. ársfj. <i>4th quarter</i>

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

101. árg. • 20. tbl.

ISSN 1670-4770

9. september 2016

Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.